



Fundargerð

430. fundur sveitarstjórnar Reykhólahrepps,
þriðjudaginn 27. nóv. 2018 kl. 15:00.

Fundarstaður: Stjórnsýsluhúsið Maríutröð 5a, Reykhólum.

Mætt eru; Ingimar Ingimarsson oddviti (II), Embla Dögg B. Jóhannsdóttir (EDBJ), Jóhanna Ösp Einarsdóttir (JÖE), Karl Kristjánsson (KK) og Ágústa Ýr Sveinsdóttir í forföllum Árnýjar Huldar Haraldsdóttur auk sveitarstjóra sem ritaði fundargerð.

Fundargerð er rituð á tölvu og er 3 blaðsíður.

Oddviti bauð fólk velkomið og setti fund.

Dagskrá:

Fundargerðir nefnda sveitarfélagsins.

- 1. 429. fundur sveitarstjórnar Reykhólahrepps haldinn 9. október 2018:**
Oddviti fór yfir fundargerðina.
Fundargerðin samþykkt samhljóða.
- 2. Umhverfis- og náttúruverndanefnd frá 20. nóv. 2018:**
Formaður nefndarinnar fór yfir fundargerðina.
Hún samþykkt samhljóða.
- 3. Öldungaráð Dalabyggðar og Reykhólahrepps. frá 14. nóv. 2018.**
JÖE fór yfir fundargerðina. Varðandi slátt fyrir eldri borgara, styrki til félags eldri borgara og lækkun fasteignagjalda er erindunum vísað til fjárhagsáætlunar.
Fundargerðinn samþykkt samhljóða.
- 4. Velferðarnefnd frá 19. nóv. 2018:**
EDBJ fór yfir fundargerðina.
Fundargerðin samþykkt.

Mál til afgreiðslu.

5. EM Orka - viljayfirlýsing:

Lögð fram drög að viljayfirlýsingu milli Reykhólahrepps og EM ORKU ehf. vegna vindorkugarðs í Garpsdal. Sveitarstjóra falið að lagfæra yfirlýsinguna í samræmi við umræður á fundinum og fær heimild til að undirrita hana.

Samþykkt samhljóða.

6. Leikskóli - inntökualdur:

Lagt fram erindi skólastjóra Reykhólaskóla varðandi fyrirsjáanlega manneklu í leikskólanum. Sveitarstjórn líst illa á að hækka viðmiðunaraldur inn á leikskólann en vill freista þessa að finna lausn á mönnunarvandanum.

Sveitarstjóra falið að vinna að lausn málsins í samráði við skólastjórnendur.

7. Lóðarumsókn:

Lögð fram umsókn um lóð fyrir einbýlishús frá Kristjáni F. Olgeirssyni. Hann óskar eftir lóðirnar Hólatröð 6 og 8 verði gerðar að einni lóð fyrir tvílyft einbýlishús.

Sveitarstjórn tekur vel í ernindið og felur sveitarstjóra að kanna möguleika á breytingu á deiliskipulagi við götuna.

8. Ferðamenn í Reykhólahreppi:

Lagt fram erindi frá Rannsóknnum og ráðgjöf ferðaþjónustunnar um að gera skýrslu fyrir hreppinn um komur ferðamanna í Reykhólahrepp 2012 -2017.

Sveitarstjórn getur ekki orðið við erindinu að svo stöddu.

9. Aðalskipulag - vindorkugarður:

EM Orka leggur fram ósk að fyrirhugað svæði undir vindorkugarð í Garpsdal verði breytt í iðnaðarsvæði á aðalskipulagi.

Samþykkt að hefja undirbúning að breytingu á aðalskipulagi Reykhólahrepps í samræmi við óskir EM-orku.

10. Tómskundastyrkir - erindi Aftureldingar:

Ungmennafélagið Afturelding skorar á sveitarstjórn að endurskoða tómskundastyrki til ungmenna í Reykhólahreppi.

Sveitarstjórn tekur vel í erindið og vísar því til afgreiðslu fjárhagsáætlunar.

11. Þjálfun vettvangsliða:

Lagt fram erindi frá lögreglunni á Vestfjörðum varðandi þjálfun á vettvangsliðum.

Sveitarstjórn tekur vel í erindið og það unnið áfram í samstarfi við Björgunarsveitina Heimamenn.

12. Fjárhagsáætlun fyrir árið 2019 - fyrri umræða:

Lögð fram fjárhagsáætlun 2019 fyrir Reykhólahrepp til fyrri umræðu. Guðrún Guðmundsdóttir skrifstofustjóri mætti til fundarins undir þessum lið. Farið yfir áætlunina. Rætt um álögur og gjaldskrá fyrir næsta ár. Fjárhagsáætlun vísað til umsagnar viðeigandi nefnda og starfsmanna á milli funda.

Samþykkt að vísa áætluninni til síðari umræðu.

13. Fjögurra ára áætlun - 2019 - 2023:

Áætluninni vísaði til síðari umræðu.

Mál til kynningar

Fyrir fund kynntu verkefnastjórar valdeflingu ungs fólks á vegum Vestfjarðastofu, JÖE og Íris Ósk Ingadóttir, hugmyndir og tillögur um ungmennaráð í sveitarfélögum. Sveitarstjórn þakkar kynninguna.

Önnur mál: Engin

Fleira ekki gert og fundi slitið kl.18:08
